

## **Eru merkilegar heimildir í safninu þínu? Er ekki ástæða til að kynna þann menningararf fyrir umheiminum?**

Landsnefnd Íslands um minni heimsins auglýsir eftir fyrstu tilnefningum til skráningar á Landsskrá Íslands. Tilgangur UNESCO með verkefningu Minni heimsins (Memory of the World), ásamt samnefndri varðveisluskra, er að vekja athygli á mikilvægum skráðum menningararfi heimsins með því að útnefna skráðar heimildir (documentary heritage) sem hafa sérstakt varðveislugildi.

Landsskrá Íslands leggur áherslu á þær heimildir sem eru mikilvægar fyrir allt landið. Handritasafn Árna Magnússonar í Reykjavík og Kaupmannahöfn og manntalið frá 1703, sem tekin voru á heimskrá UNESCO um minni heimsins (Memory of the World Register) til marks um mikilvægi þeirra fyrir heimsbyggðina alla, tilheyra jafnframt Landsskrá Íslands. Nýjar tilnefningar sem hljóta skráningu á landsskrána gætu síðar orðið hvati að umsóknum um skráningar á heimsskrá UNESCO.

### **Málþing Landsnefndar Íslands um minni heimsins**

Miðvikudaginn 13. maí nk. verður haldið málþing til kynningar á Landsskrá Íslands um minni heimsins í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns. Málþingið stendur frá kl. 14.00-16.00 og er öllum opið. Þar mun Arne Skivenes miðla reynslu Norðmanna við að innleiða Norsku landskrána (Norges dokumentarv) og Guðrún Nordal, forstöðumaður Árnastofnunar og formaður landsnefndar, og Eiríkur G. Guðmundsson, þjóðskjalavörður og nefndarmaður, segja frá reynslu stofnana sinna af tilnefningum á heimsskrá UNESCO um minni heimsins.

### **Hvernig á að tilnefna gögn úr safninu þínu?**

Einstaklingar, samtök og stofnanir geta lagt fram tilnefningar til skráningar á Landsskrá Íslands og öll form skráðra heimilda eru gjaldgeng, s.s. ritheimildir, upptökur eða ljósmyndir, þar með talin stafræn gögn. Forsenda þess að heimild komist á Landsskrána er að hún sé varðveitt í opinberu safni og hafi gildi fyrir landsmenn alla.

Tilnefningar verða metnar út frá ýmsum viðmiðum, s.s uppruna, fágæti og ástandi heimilda, hvort að þeim steðji ógn, hvort þær hafi félagslegt og andlegt mikilvægi eða séu mikilvægar fyrir ákveðið byggðarlag. Leiðarvísir og eyðublað eru á slóðinni: <http://unesco.is/minni-heimsins/>. Nánari upplýsingar gefur Soffía Guðný Guðmundsdóttir, [soffiag@hi.is](mailto:soffiag@hi.is).

Tilnefningar skulu berast fyrir **15. október 2015**. Niðurstaða nefndarinnar um skráningar á Landsskrá Íslands verður birt síðar á árinu.

### **Skrá UNESCO um minni heimsins og gildi hennar**

Stofnanir sem eiga skjöl eða önnur gögn á skrá UNESCO um minni heimsins hafa metið ávinning sinn með margvíslegum hætti:

- Auknum fjölda gesta og sjálfbóðaliða.
- Aukinni kynningu á safni eða skjali innan stofnunar, og þar með auknum fjárstuðningi.
- Heimsóknum frá sveitarstjórnarmönnum og þingmönnum.
- Hvatningu fyrir starfslið og sjálfbóðaliða.
- Notkun skráningarinnar til fjáröflunar.